

Framkvæmdalýsing stækkunar dreifikerfis hitaveitu RARIK á Höfn

Fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist September 2020 og ljúki September 2021.

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stækkunar dreifikerfis hitaveitu RARIK í Hornafirði og endurnýjun núverandi stofnlagnar við Víkurbraut.

Yfirlit yfir verkið sést á afstöðumyndum. Verktaki skal grafa fyrir lögnum, leggja lagnir, sanda undir og yfir, fylla yfir og ganga frá yfirborði með malbiki/olíumöl, steypu og steinlögn eða gróðri.

Á Höfn er dreifikerfi til staðar en ekki eru öll hús eða götur tengdar. Tengja á nýjar lagnir við eldra dreifikerfi og leggja nýtt dreifikerfi í götur sem sýndar eru á teikningum. Einnig á að leggja heimæðar frá eldra og nýju kerfi inn í hús. Endurnýja á stofn nálægt Kyndistöðinni úr DN 150 í DN 200. Dreifikerfi í þéttbýli er tvöfalt.

Pípuefnið í dreifikerfinu eru foreinagraðar stálpípur en heimæðar foreinagraðar PEX pípur. Stærð á lögnum í eldra dreifikerfi sem tengja á nýtt dreifikerfi/heimæðar er allt að DN 125.

Verktaki skal grafa skurði fyrir hitaveitulagnir. Í skurðina skal verktaki sanda undir og yfir rör, leggja lagnir fylla yfir og ganga frá. Jafnframt skal hann grafa fyrir og annast uppsetningu á lokum og spindlum.

Lagnaleið í þéttbýli er í grónum götum þar sem gangstéttar eru steypar og götur malbikaðar.

Þar sem um er að ræða svæði þar sem umferð og starfsemi er í gangi, ber verktaka að haga allri vinnu þannig að umferð gangi sem best fyrir sig á svæðinu og aðkoma að heimilum haldist ávalt opin.

Áður en framkvæmdir geta hafist skal verktaki afla heimildar hjá viðkomandi sveitarfélagi og/eða lögreglu. Truflun á umferð um götur sem unnið er við svo og í nærliggjandi götum skal haldið í lágmarki. Lokun götu fyrir umferð er óheimil nema í samráði við lögreglu. Ef beina þarf umferð af götu eða hluta götu veitir lögreglan leiðbeiningar um hvernig það skuli gert og er verktaka skylt að hlíta fyrir mælum hennar.

Þess skal gætt að haga lokun gatna þannig að íbúar eigi alltaf akfæra aðkomuleið að heimilum sínum og starfsemi fyrirtækja verði fyrir sem minnstri röskun. Þess skal gætt að gangandi og hjólandi vegfarendur eigi greiða og örugga leið fram hjá vinnusvæðum ef þau liggja að gangstígum, en ef slíkt er ekki mögulegt skal vísað á hjáleið eða afmarka sérstaka göngu-/hjóllaleið meðfram vinnusvæði. Þar sem hellur, steypa eða malbik hefur verið fjarlægð úr hluta stígs sem umferð er heimil um skal jafna brúnir við hellur, malbik eða steypu með grús. Yfir opna skurði á stígum sem umferð er heimil um skal setja brýr og skal gengið þannig frá þeim að þær séu greiðfærar jafnt gangandi og hjólandi vegfarendum.